

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafa með svofelldum hætti:

	M.kr.
Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til framkvæmda við Kröflu	1 111
Til að lána Jarðvarmaveitum ríkisins til framkvæmda í Bjarnarlagi	300
Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til lagningar byggðalína	174
Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til almennra framkvæmda	473
Til að lána Orkusjóði til fjármögnunar á virkjunarrannsóknnum	260
Til að lána Orkubúi Vestfjarða til framkvæmda og til að mæta rekstrarhalla 1980	300
Til að lána Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til þess að ljúka tengingu hitaveitu í Borgarnesi	620
Til að lána Landhelgissjóði til kaupa á þyrlu	800
Til að lána Undirbúningsfélagi um saltvinnslu á Reykjanesi	60
Til að greiða hlut ríkissjóðs í dráttarbrautarframkvæmdum	520
Til að lána sveitarfélögum til hafnarframkvæmda	130

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita aðilum skv. 2. gr. sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs ef henta þykir að þeir taki lán án milligöngu ríkissjóðs. Komi upphæð sjálfskuldarábyrgðar þá til lækkunar lántöku ríkissjóðs skv. 1. gr.

4. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 25 000 m.kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1981 og verja andvirði þess til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurláns til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 50 6. júní 1980 var fjármálaráðherra heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 11 347 m.kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Jafnframt var fyrirtækjum með eignaraðild ríkisins svo og fyrirtækjum sveitarfélaga veitt heimild til erlendra lántöku með ríkisábyrgð. Í þessu frumvarpi er leitað heimildar til viðbótarlántöku allt að 4 750 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Lántaka þessi er nauðsynleg m. a. vegna annarrar verðlags- og gengisþróunar á árinu 1980 en gert var ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 sem lánsfjárlög byggðust á. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að auka framkvæmdir í nokkrum tilfellum til þess að ljúka heppilegum verkföngum.

Um 2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað samkvæmt því sem um getur í 2. gr. Helstu skýringar á aukinni lánsfjáröflun eru eftirfarandi: Kostnaður við framkvæmdir við Kröfluvirkjun fara fram úr áætlun og ljóst er að ekki er unnt að ljúka óhjákvæmilegum framkvæmdum nema viðbótarfjármagn fáiast. Áætlun um framkvæmdir við Kröfluvirkjun í lánsfjáráætlun fól í sér borun tveggja borhola (nr. 13 og 14), tengingu fyrri holunnar við gufuveitu og undirbúning að borun tveggja nýrra hola. Á árinu 1980 var heimiluð tenging holu 15 og undirbúningur frekari borana. Vegna aukinna framkvæmda og annarra verðlagsforsendna en áætlanir voru byggðar á var nauðsynlegt að afla aukins lánsfjár. Lánsfjár til framkvæmda Jarðvarmaveitna

rikisins var aflað til nauðsynlegra framkvæmda í Bjarnarflagi, m. a. til þess að koma gufuafllstöð Jarðvarmaveitnanna í vinnslu. Í endurskoðaðri áætlun um framkvæmdir við byggðalínur hafa komið fram nokkrir óvæntir þættir eins og t. d. við gerð tveggja undirstaða fyrir háspennumöstur í Gilsfirði vegna Vesturlínu. Um almennar framkvæmdir RARIK gegnir svipuðu máli og um byggðalínur, að þróun verðlags hefur reynst önnur en talið var í áætlun um framkvæmdir auk þess sem orðið hefur viðbótarkostnaður á brýnum framkvæmdum. Nauðsynlegt reyndist að afla aukins lánsfjár til þess að ljúka áfanga í virkjanarannsóknum á Austurlandi. Orkubú Vestfjarða varð fyrir útgjöldum á árinu, m. a. vegna rekstrartaps á árinu, alls 200 m.kr., en auk þess hafa framkvæmdir reynst kostnaðarsamari en áætlað var.

Framkvæmdir á vegum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar eru umfangsmiklar í ár. Til þess að ljúka tengingu Borgarness við aðalæð veitunnar á þessu ári ákvað ríkisstjórnin að afla aukins lánsfjár til veitunnar. Auk þess er nú unnið við dreifikerfi á Akranesi og er það gert til þess að tengja megi kaupstaðinn veitunni á árinu 1981.

Síðsumars 1980 var ný þyrta tekin í notkun hjá Landhelgisgæslunni. Lánsfjárheimildar til kaupanna var ekki aflað í lánsfjárlögum og er það því gert nú. Vegna tilraunareksturs saltverksmiðju á Reykjanesi er nauðsynlegt að afla 60 m.kr. lánsfjár til reksturs verksmiðjunnar. Er þetta talið brýnt til þess að ljúka þeim tilraunum sem nú er unnið að.

Á lánsfjáraætlun 1980 voru 650 m.kr. ætlaðar til framkvæmda við dráttarbrautir og við það miðað að fyrirtæki tækju upphæð þessa að láni. Verkefni þau sem sinna átti voru í höndum sveitarfélaga og reyndust styrkhæf úr ríkissjóði. Er því hér leitað eftir lántökuheimild að upphæð 520 m.kr. vegna greiðslna ríkissjóðs og 130 m.kr. til að endurlána sveitarfélögum.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Fjárfestingar- og lánsfjáraætlun 1981 liggur ekki enn fyrir og óvist er hvenær sú áætlun og lánsfjárlög 1981 verða afgreidd af Alþingi. Því er í þessu frumvarpi leitað heimildar til lántöku allt að 25 000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Hér er sami háttur hafður á og árið 1980 en lánsfé þessu verður ráðstafað í náinni samvinnu við fjárveitinganefnd.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa.